

14 29.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga kr.	85 867 543.00	kr. 238 996 412.21
25. febr.	Greiðslujöfnuður .....	—	— 25 496 403.50
		<hr/>	<hr/>
		kr. 1 033 063 380.00	kr. 1 218 909 127.71
		<hr/>	<hr/>

*Gjört i Reykjavík, 25. febrúar 1961.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

15

16. febr.

## AUGLÝSING

um viðurkenningu á ferðaskilríkjum fyrir brezka borgara.

Hinn 9. febrúar 1961 var með nótuskiptum milli utanríkisráðherra og brezka sendiherrans gert samkomulag milli Íslands og Bretlands um viðurkenningu á sérstökum ferðaskilríkjum fyrir brezka borgara, sem ferðast vilja til Íslands til stuttrar dvalar.

Samkomulagið gengur í gildi hinn 15. marz 1961 og gildir til 1 árs í senn verði því ekki sagt upp með 6 mánaða skriflegum fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 16. febrúar 1961.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

16

25. febr.

## LÖG

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Stokkseyri I—III og eignarhluta sinn í eftirtöldum hjáleigum og grasbýlum: Kaðlastöðum, Grímsfjósum, Ranakoti, Eystri-Móhúsum, Starkaðarhúsum, Símonarhúsi, Roðgúl, Gerði, Vestra-Íragerði, Eystra-Íragerði, Hellukoti, Vestri-Rauðárhóli, Eystri-Rauðárhóli, Nirði og Hóli.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu

oddamann. Þó skal Stokkseyrarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

16  
25. febr.

Andvirði landsins skal Stokkseyrarhreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Stokkseyrarhreppi var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefndinni að selja öðrum land eða lóðir úr jörðum þessum.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 25. febrúar 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

L Ö G

17  
10. marz

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „50 millj. kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna komi: 150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*